

Fundur foreldrafélagsins 29. apríl 2024 – heima hjá Hönnu

Mættar eru Maggý, Oddný, Sigurveig, Hanna og Sigga sem ritar punkta;

1. Nikótín púðar og sigarettustubbar í kringum íþróttahús og herðubreið: Í gær var plokkið, týna rusl m.a. í kringum skólann, sérstaklega hjá íþróttahúsinu- sigarettustubbar og nikótín púðar. Ræða það aftur á skólaráðsfundi og að minna á reykingar séu ekki leyfðar á skólatíma.
2. Matsalur: Er eðlilegt að börnin víki úr skólamötuneytinu þegar hópar úr skemmtiferðaskipum koma á haustin og fá mat? Verður þetta aftur í haust?
3. Erindi frá lunga- hátíðinni um foreldrarölt og að hirða dósir. Okkur finnst þetta tvennt aðskilið; safna dósum er eitt- foreldraröltilið verður á vegum foreldra. Má athuga með DK -hópinn varðandi dósirnar.
4. Aðalfundur foreldrafélagsins; verður haldinn 7. Maí kl 18.00.  
Lagabreyting frá í fyrra send með fundarboði.  
Oddný ætlar að hætta í stjórn, tölum við áhugasöm? Sunnu, Kídda, Andra, Ívar. Fundarstjóri; Elvar Snær Kristjánsson.  
Sigurveig, Oddný og Elfa tala við 1-4. Bekk, Hanna og Maggý tala við miðstigið og Sigga talar við unglíngastigið. Þegar um systkinin er að ræða hafa þær samband sem hafa yngsta systkinið í sínum hóp.